

Kjörnámsbraut

Lýsing á braut

Kjörnámsbraut lýkur með stúdentsprófi og skilar nemendum á þriðja hæfniprepi. Brautin er 200 einingar og skiptist í kjarna, bundið val ásamt sérhæfingu og svo óbundið val. Brautin er sniðin að þörfum þeirra sem hafa hug á að sérhæfa sig á sviðum sem ekki teljast til hefðbundins háskólanáms. Í upphafi náms gerir nemandi og skóli námsáætlun þar sem lokamarkmið náms eru skilgreind og skal áfangaval vera í samræmi við það. Við námslok eiga nemendur að vera færir um að takast á við skilgreind lokamarkmið brautar. Nemendur eiga einnig að hafa öðlast almenna hæfni sem er í samræmi við hin nýu svið lykilhæfninnar og grunnþætti menntunar.

Kjarni allra stúdentsbrauta • 115 einingar

Auðlinda- og umhverfisfræði	AUUM 1AU05	5 ein.
Danska	DANS 2ST05	5 ein.
Enska	ENSK 2SG05 • 2LS05 • 3RO05 • 3SR05	20 ein.
Heilsufræði	HEIF 1NH03 • 1PJ03 • 2PH02(1) • 2PH02(2)	10 ein.
Inngangur að vísindum	INGA 1HF05 • 1NR05	10 ein.
Íslenska	ÍSLE 2GO05 • 2NH05 • 3LF05 • 3FM05	20 ein.
Stærðfræði	STÆR 2FG05 • 2TL05	10 ein.
Verk- og listgreinar *		5 ein.
Verkefnavinna	VERK 3VR05	5 ein.
Þemavinna	ÞEMA 1OV05	5 ein.
Þriðja mál (spænska eða þýska)	SPÆN 1HR05 • 1RL05 • 1TS05 • 2SK05 ÞÝSK 1GF05 • 1MÁ05 • 1SM05 • 2PL05	20 ein.

* Nemendur velja verk- og listgreinar af framboði skólans eða annarra skóla.

Sérhæfing og bundið val - námslínur • 65 einingar

Bundið val og sérhæfing er 65 einingar og reist á minnst tveggja áfanga námslínunum þar sem áfangarnir eru á sama fagsviði. Þess þarf að gæta að val áfanga uppfylli skilyrði um fjölda eininga á hæfniprepum.

Óbundið val • 20 einingar

Nemandi getur valið úr þeim áföngum sem eru í framboði í skólanum en einnig má meta nám frá öðrum skólum. Val nemenda á áföngum skal miða við að á brautinni alls séu 17-33% (34 – 66 einingar) á hæfniprepi 1, 33-50% (66 – 100 einingar) á hæfniprepi 2 og 17-33% (34 – 66 einingar) séu á hæfniprepi 3.

Inntökuskilyrði

Grunnskólapróf. Til að hefja nám á öðru hæfniprepi í dönsku, ensku, íslensku eða stærðfræði þarf nemandi að hafa náð hæfnieinkunn B við lok grunnskóla eða að hafa lokið fyrsta þreps áfanga í þessum greinum.

Skipulag

Kjarni brautar er 115 einingar og sameiginlegur með náttúru- og raunvísindabraut og hug- og félagsvísindabraut. Í bundnu vali sérhæfa nemendur sig á tilteknum sviðum og skal sú sérhæfing vera í samræmi við persónuleg lokamarkmið nemandans og hæfniviðmið Aðalnámskrár framhaldsskóla frá árinu 2011. Bundið val og sérhæfing er 65 einingar og reist á minnst tveggja áfanga námslínnum þar sem áfangarnir eru á sama fagsviði. Óbundið val er 20 einingar. Verkefnaáfangi í kjarna er tekinn undir lok námstímans og er eins konar lokaáfangi í framhaldi af námslínu nemandans þar sem val á efni ræðst einnig af áhugasviði og markmiðum náms. Námslok kjörnámsbrautar eru á hæfniprepi 3. Val nemenda á áföngum skal því miðast við að 17-33% (34 – 66 einingar) séu á hæfniprepi 1, 33-50% (66 – 100 einingar) séu á hæfniprepi 2 og að 17-33% (34 – 66 einingar) séu á hæfniprepi 3.

Hæfniviðmið

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að

- takast á við nám á sínu sérsviði
- beita þekkingu og færni á gagnrýninn hátt við að skilgreina samfélagið með það að markmiði að ný þekking verði til.
- taka þátt í gagnrýnni umræðu á ábyrgan hátt.
- beita vísindalegum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun.
- miðla fræðilegum upplýsingum á skapandi og fjölbreyttan hátt í ræðu og riti.
- gera sér grein fyrir mikilvægi félagslegrar, efnahagslegrar og menningarlegrar sjálfbærni fyrir samfélag sitt og samfélag þjóðanna.
- skilja nærumhverfi sitt og stöðu þess í alþjóðlegu samhengi út frá fræðilegum forsendum.
- vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðissamfélagi.